



Reykjavík, 8. febrúar 2021

Brot Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja gegn 36. gr. c., 36. gr. e. og 37. gr. laga nr. 129/1997

Við yfirferð Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitsins), í október 2020, á gögnum Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja (LSV) um sundurliðun fjárfestinga vegna þriðja ársfjórðungs 2020 kom í ljós að eign samtryggingardeildar LSV í einum verðbréfasjóði hafði farið umfram lögbundin mörk skv. 1. mgr. 36. gr. c. laga nr. 129/1997. Hóf Fjármálaeftirlitið í kjölfarið frekari skoðun á málinu.

Á grundvelli gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að eftirlitskerfi lífeyrissjóðsins hefði ekki verið fullnægjandi hvað varðaði vöktun á vægi tiltekinnna eigna af heildareignum, m.a. til að tryggja að vægi þeirra færi ekki yfir lagaleg takmörk, sbr. 1. mgr. 36. gr. e. laga nr. 129/1997. Af þeim sökum hefði lífeyrissjóðurinn hvorki tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um brotið né gripið til ráðstafana til úrbóta, sbr. 37. gr. laga nr. 129/1997.

Fjármálaeftirlitið gerði því eftirfarandi þrjár athugasemdir við LSV:

- Að eign LSV í tilteknum verðbréfasjóði hefði farið yfir 10% lögbundið hámark í sama útgefanda sem hlutfall af heildareignum, sbr. 1. mgr. 36. gr. c. laga nr. 129/1997.
- Að LSV hefði ekki efnt tilkynningarskyldu sína og tilkynnt brotið tafarlaust til Fjármálaeftirlitsins, sbr. 37. gr. laga nr. 129/1997.
- Að LSV hefði ekki tryggt vöktun á umræddum mælikvarða, þ.e. á lögbundnu hámarki í einstökum verðbréfasjóðum sem hlutfalli af heildareignum, og að skjalfestum innri ferlum hvað vöktun á þessum tiltekna mælikvarða varðaði hefði verið ábótavant, sbr. 1. mgr. 36. gr. e. laga nr. 129/1997.

LSV hefur nú þegar komið eign sinni í umræddum verðbréfasjóði undir lögbundin mörk.